

L Ö G

22

14. júní

um

lögreglustjóra á Akranesi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórástörf í Ytri-Akraneshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita, enda sé hann þá sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjórinn skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, fær hann að auki laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans og annað, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.